

## Skíðasvæðið í Oddskarði, Fjarðabyggð

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 Inngangur

Þann 10. maí 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Fjarðabyggð um framkvæmdir innan skíðasvæðisins í Oddskarði í Fjarðabyggð, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 12.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Fjarðabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar.

#### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Oddskarð – færsla á skíðalyftu. Matsskyldufyrirspurn. Efla verkfræðistofa. Maí 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Heilbrigðiseftirliti Austurlands dags. 12. júní 2023,
- Minjastofnun Íslands dags. 21. júní 2023,
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 13. júní 2023,
- Veðurstofu Íslands dags. 14. júní 2023.

Ekki bárust umsagnir frá Fjarðabyggð, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni.

#### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Í mars 2023 var samþykkt nýtt deiliskipulag fyrir skíðasvæðið í Oddskarði í sveitarfélaginu Fjarðabyggð. Deiliskipulagið nær yfir svæði sem skilgreint er sem íþróttasvæði í núgildandi aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040. Þar er gert ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á þ.e.a.s til skíðaiðkunar og þjónustu við iðkendur. Fyrirhuguð framkvæmd felst í færslu á skíðalyftu, stækkun bílastæðis og að hluti Oddskarðsvegar verði fjarlægður.

#### 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Fjarðabyggðar og umsögnum umsagnaraðila.

##### Áhrif á landslag og ásynd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að við tilfærslu á skíðalyftunni verði hún færð nær og samsíða hinum skíðalyftum svæðisins, jafnframt standi til að fjarlægja Oddskarðsveg sem mun hafa jákvæð áhrif á ásynd og landnotkun. Á móti kemur verða bílastæði stækkuð. Með því að hafa allar



skíðalyftu samsíða og nær hvor annarri og fjarlægja Oddskarðsveg, metur framkvæmdaraðili áhrif á landslag og ásýnd nokkuð jákvæð.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að stofnunin telur að framkvæmdin og áhrif hennar ekki vera þess eðlis að þörf sé á mati á umhverfisáhrifum. Helst séu það ásýndar- og landslagsáhrif sem þurfi að huga vandlega að og þá sérstaklega við hönnun og framkvæmd á nýjum og stækkuðum byggingum.

#### **Áhrif á vistgerðir**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið sé að stórum hluta raskað. Gróður sem finnst á svæðinu sé fábrotinn og gróðurþekja slitrótt. Algengustu vistgerðirnar á svæðinu eru lyngmóavist, mosamelavist, urðarskriðuvist, mosamóavist og hraungambravist. Lyngmóavist er með hátt verndargildi, urðarskriðuvist með miðlungs en hinar með lágt verndargildi. Við landmótun verður yfirborð sléttað svo að sem minnstan snjó þurfi til skíðaiðkunar. Búast megi við því að gróður nái sér aftur á strik og verði svipaður og fyrir framkvæmdir. Heilt yfir metur framkvæmdaraðili að áhrif á gróður verði óveruleg.

#### **Áhrif á fuglalíf**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið sé hátt yfir sjávarmáli og hrjóstrugt og fuglalíf fábrotið eftir því. Á svæðinu er að finna búsvæði fyrir steindepil og sólskríkju. Heiðlóa og þúfutittlingur gæti mögulega einnig verið að finna neðst á svæðinu þar sem gróður er mestur. Ekki er búist við því að búsvæði fugla minnki að einhverju ráði við framkvæmdirnar, jafnvel gætu þau stækkað að einhverju leyti við það að Oddskarðsvegur verður fjarlægður. Helstu áhrifin felast líklega í truflun á framkvæmdatíma en þau áhrif verða tímabundin.

#### **Áhrif á jarðmyndanir**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að efni verði að mestu fengið úr gömlu vegfyllingu Oddskarðsvegur og með því að færa til efni í landmótun, ekki stendur því til að opna sérstakar námur. Berggrunnur á svæðinu er hefðbundið blágrýti og engar jarðmyndanir eru á svæðinu sem njóta sérstakrar verndar. Framkvæmdaraðili telur áhrif á jarðmyndanir óveruleg.

## **5 Skipulag og leyfi**

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2020-2040 og deiliskipulag Skíðamiðstöðvar í Oddskarði.

Framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingaleyfi Fjarðabyggðar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands skv. reglugerð um hollustuhætti og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

## **6 Niðurstaða**

Um er að ræða uppbyggingu innan skíðasvæðisins í Oddskarði í Fjarðabyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 12.01 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

#### **Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, hættu á stórslysum og/eða náttúruhamförum sem varða framkvæmdina sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að



framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar einkum með með tilliti til landslagsheilda sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrir liggur að framkvæmdasvæðið er nú þegar að mestu leyti raskað af mannvirkjagerð fyrri tíðar og mótað af vegagerð og innviðum sem fylgja skíðasvæði. Fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa í för með sér staðbundið rask á gróðri en ekki er um gróðurtegundir eða vistgerðir að ræða sem njóta verndar eða hafa mjög hátt verndargildi. Öryggi skíðaiðkenda verður bætt með tilliti til ofanflóðahættu með tilfærslu á skíðalyftu út af skilgreindu hættusvæði. Skipulagsstofnun tekur undir með því sem fram kemur í umsögn Náttúrufræðistofnunar um að helst séu það ásýndar- og landslagsáhrif sem þurfi að huga vandlega að og þá sérstaklega við hönnun og framkvæmd á nýjum og stækkuðum byggingum. Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila að ásýnd og yfirbragð svæðisins kunni að taka breytingum til hins betra við uppbygginguna, ef farið er eftir þeirri verktilhögun sem framkvæmdaraðili boðar.

Með hliðsjón af umfangi, eðli og staðsetningu telur Skipulagsstofnun að áhrif af fyrirhugaðri uppbyggingu skíðasvæðisins Oddskarðs á ofangreinda umhverfisþætti verði óveruleg, en ljóst er að staðbundið mun ásýnd svæðisins taka nokkrum breytingum.

#### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. ágúst 2023.

Reykjavík, 4. júlí 2023.

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson